

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3. apríl
1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 600 á mánuði fyrir hvern mín. ltr. í hámarksstillingu hemils.

III. KAFLI

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2 000 m³ kr. 118 165 fyrir 400 m³ og 93 kr./m³ þar yfir
2 000— 6 000 m³ — 267 293 fyrir 2 000 m³ og 81 kr./m³ þar yfir
6 000—10 000 m³ — 592 020 fyrir 6 000 m³ og 72 kr./m³ þar yfir
meira en 10 000 m³ — 880 664 fyrir 10 000 m³ og 60 kr./m³ þar yfir

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. okt. 1977, 159 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 417.

21. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976, um möskvastærðir
botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Í stað orðanna „til 31. desember 1977“ í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar komi orðin: til 30. september 1978.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.